



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Fundarsalur ÍSÍ
Hvenær:	8. 4. 2026
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Guðmundur Sigurðsson – Varaformaður Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Helga Hákonardóttir – Meðstjórnandi Þórarinn Már – Framkvæmdastjóri KLÍ
Fjarverandi:	Böðvar Már Böðvarsson – Varamaður Katrín Fjóra Bragadóttir - Varamaður
Fundarritari:	VRB

### Fundargerðir síðustu funda

- Fundargerðir 9. og 10. fundar samþykktar.

### Árspaning KLÍ

- Staða undirbúnings
  - Búið að senda út fyrra þingboð með upplýsingum um fjölda þingfulltrúa.
  - Þingið verður í húsnæði Örykjabandalagsins klukkan 14. 9. maí.
  - Undirbúningur gagna sem þarf að leggja fyrir þingið í vinnslu.
- Erindi frá stjórn til þings
  - VRB leggur til að stjórn leggi til umræðu á þinginu að farið verði í formlega stefnumótunavinnu fyrir KLÍ. Stjórn samþykkir þá tillögur. VRB byrjar að undirbúa gögn fyrir þá umræðu.
  - Taka þar fyrir uppfærða afreksstefnu. VRB tekur lokayfirlestur á skjalið.
  - VRB leggur til að stjórn leggi til umræðu á þinginu um aðstöðumál. Stjórn samþykkir þá tillögur. GS byrjar á að undirbúa gögn fyrir þá umræðu.
  - Tekið til umræðu hvort að ástæða sé til að gera breytingar á spilun 3. deildar karla og kvennadeilda t.d. með einhverskonar riðlafyrirkomulagi. GS byrjar að undirbúa gögn fyrir þá umræðu.
- Kosning stjórnarmanna
  - Kjóra þarf tvo aðalmenn til tveggja ára og þrjá varamenn til eins árs. ÞMP upplýsir félögin um þá stöðu.

### Lokahóf KLÍ

- Undirbúningur í fullum gangi á vegum afrekshóps kvenna. ÞMP búið að senda á þá sem hefð er fyrir að bjóða og spyrja félögin hvort að þau vilji bjóða einhverjum.
- ÞMP upplýsir að hægt gangi að innkalla farandsbikara.
- ÞMP verður erlendis þegar lokaumferðin er. JÁJ tekur að sér að slá inn skori og yfirfara verðlaunaskjal.
- VRB tekur verðlaunin hjá ÞMP.
- Hörður VRB og JÁJ taka að sér að sjá um framkvæmd verðlaunaafhendingar.

### Mótahald í apríl

- Bikar, úrslit og umspil allt á dagskrá í apríl

## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

- Eftir lokaumferð þarf að raða inn leikjum í mótaskjalið. JÁJ tekur að sér að redda þessu fyrir mánudagkvöldið á meðan ÞMP er erlendis.
- ÞMP pantar brautir fyrir úrslitakeppnina og biður Svavar (mótanefnd) að sjá um olíuburð.
- Stefnt á að streyma frá úrslitum í bikar og lokúrslitum í deildum.

### Mögulegar reglugerðarbreytingar

- Reglugerð um Íslandsmót öldunga – óskýrt orðalag um hvenær spilað er kynjaskipt í forkeppni
  - VRB geri tillögu að uppfærðum texta. Meginreglan að það sé kynjaskipting en heimild að gera undanþágu ef keppendur eru fáir eða ef aðlaga þarf spilamennsku að aðstæðum í húsinu (færsla milli setta).
- Mótsreglur um bikarkeppni liða – mögulegar breytingar á reglum varðandi leikstað úrslitaleikja.
  - Taka út að það sé spilað á sama tíma og sama stað þar sem það útilokar aðstöðuna á skaganum. Einnig rætt að skoða sambærilegt varðandi meistarakeppnina. VRB gerir tillögur að breytingum.
- Mótsreglur um Íslandsmót deilarliða – möguleg riðlaskipting 3. deildar og kvennadeilda.
  - Ákveðið að taka umræðu um það inn á þing sbr. fyrri umræðu undir liðnum «Árþing KLÍ»

### RIG 2027

- Rætt um mögulegar útfærslur á RIG 2027. Taka þarf ákvörðun fljótlega um hvort, hvenær og á hvaða formi það á að halda það. JÁJ kannar nánar möguleika á samstarfi við Storm.

### Endurskoðuð fjárhagsáætlun

- JÁJ fer yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun. Ekki allt komið inn en lítur vel út með síðasta ár. Helsta skýring á því eru aukin framlög frá afrekssjóði ÍSÍ.

### Erindi vegna kvennalandsliðsins (trúnaðarmál)

- Rætt um erindi frá Jónu og Gauja þar sem gerðar eru ákveðnar athugasemdir við málsmeðferð við val í afrekshóp kvenna og val á kvennalandsliðinu. VRB falið að gera drög að svari þar sem þakkað er fyrir erindið, atriði er varða framkvæmd við val í afrekshópa verði skoðað en að ítreka jafnframt að val á landsliði sé alfarið í höndum landsliðsþjálfara.

### Erindi vegna Íslandsmóts öldunga (trúnaðarmál)

- Rætt um erindi frá Þorleifi Jóni þar sem hann gerir athugasemdir við lýsingar í streymi á öldungamótinu og við val í öldungalandslið. VRB falið að kanna möguleika KLÍ til að leita réttar síns innan agakerfis ÍSÍ vegna ítrekaðra hótana í garð sambandsins og einstakra sjálfboðaliða innan keilusamfélagsins.

### Önnur mál

- Rætt um næstu skref varðandi landsliðsþjálfara karla. VRB falið að halda áfram samtali við það nafn sem er á borðinu.
- Rætt um kvörtun vegna framkomu leikmanna sem barst til KLÍ. Verður vísað til félags viðkomandi leikmanna.
- JÁJ sýnir demó að rafrænni leikskýrslu „Vasanum“. Fer í prófanir í næstu leikjum.

Fundi slitið kl. 20:10